

Úrskurður nr. 1/2011.

Kærð var ákvörðun Tollstjóra sem birt var í úrskurði hans um að hafna umsókn um endurgreiðslu á virðisaukaskatti af gjöf til Gigtarfélags Íslands. Kærandi krefst þess að ákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd féllst á kröfu kæranda.

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags 18. febrúar 2011, sem barst ríkistollanefnd sama dag kærir A. f.h. B., ákvörðun Tollstjóra, sem birt var í úrskurði 28/2010, að hafna umsókn um endurgreiðslu á virðisaukaskatti af gjöf B. til Gigtarfélags Íslands. Kærandi krefst þess að ákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi og honum verði endurgreiddur virðisaukaskattur samkvæmt umsókn.

Í hinum kærða úrskurði Tollstjóra kemur m.a. fram að með bréfi, dags. 15. desember 2009, hafi B. kært skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 þá ákvörðun embættisins að hafna umsókn B. um endurgreiðslu virðisaukaskatts af tveimur gjöfum til Gigtarfélags Íslands. Um er að ræða sérsníðað, hæðarstillanlegt borð til iðjuþjálfunar og hins vegar tvo þrískipta meðferðarbeckki. Höfnun sína byggði Tollstjóri á því að samkvæmt upplýsingum um starfsemi Gigtarfélags Íslands sem fram kemur á heimasíðu þess, að félagið væri ekki mannúðar- eða líknarstofnun í skilningi tollalaga.

Í hinum kærða úrskurði eru meginröksemdir kæranda raktar. Hann heldur því m.a. fram að Gigtarfélag Íslands sé mannúðar- eða líknarstofnun í skilningi tollalaga nr. 88/2005 og laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Félagið reki m.a. gigtarlækningastöð þar sem boðið sé upp á sjúkra- og iðjuþjálfun fyrir gigt sjúka auk þess sem gigtlæknir hefur þar aðsetur. Iðjuþjálfun (göngudeildarþjónusta) félagsins sé sú eina sinnar tegundar á höfuðborgarsvæðinu, en 45% þeirra sem koma í sjúkra- og iðjuþjálfun sækja hvoru tveggja samkvæmt tilvísun lækna. Félagið styðji gigtarrannsóknir og sjái um eflingu og vörslu sjóða, sem styrkja gigtarrannsóknir og ungt gigtveikt fólk til náms. Slík fjölbreytni í starfsemi félagsins sé mjög mikilvæg fyrir skjólstaðingana, þar sem gigtarsjúklingum sé það mikil nauðsyn að geta farið eina ferð á sama staðinn. Þá sé tilgangur félagsins að auka lífsgæði þeirra sem þjást af gigtarsjúkdómum, en ekki að afla félaginu eða eigendum þess fjárhagslegs ávinnings, enda eigi félagið sig sjálf og allir fjármunir þess renni til verkefna félagsins. Félagið hafi einnig hlotið margvíslegar viðurkenningar opinberra aðila sem líknar- og mannúðarfélag. Þá bendi kærandi á að gjafir til Gigtarfélags Íslands hafi áður hlotið meðferð sem gjafir þar sem samþykkt var endurgreiðsla aðflutningsgjalda. Jafnframt að starfsemi félagsins á sviði mannúðar- og líknarmála hafi færst í aukana síðustu árin. Kærandi tekur fram að Gigtarfélag Íslands njóti framlaga á fjárlögum ríkisins til starfsemi sinnar.

Í niðurstöðu sinni í hinum kærða úrskurði bendir Tollstjóri á að samkvæmt 6. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 skal endurgreiða virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem nýtt sé beint til viðkomandi starfsemi. Endurgreiðsluheimild samkvæmt þessari málsgrein sé bundin sömu skilyrðum og gilda um gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi og koma fram í b-lið 8. tl. 1. mgr. 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987, nú b-liður 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005. Síðan segir svo orðrétt:

„Kveðið er á um nánari skilyrði endurgreiðslu í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Þar segir að tæki, búnaður og aðrar fjárfestingarvörur sem gefnar séu til nota í starfsemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, slysavarnafélaga, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi, séu undanþegnar aðflutningsgjöldum. Af ofangreindu leiði að skilyrði endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 6. mgr. 42. gr. virðisaukaskattslaga sé að þiggjandi gjafarinnar sé mannúðar- eða líknarstofnun í skilningi 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

Samkvæmt 1. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, skal greiða virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu. Allar undanþágur hér að lútandi ber því að skýra þröngt. Það er því mat embættis Tollstjóra, að skilyrði undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts verði tvímælalaust að vera uppfyllt, sbr. úrskurði fjármálaráðuneytisins dags. 21. maí 2004 og 27. ágúst 2004.

Framlag til Gigtarfélags Íslands skv. fjárlögum 2010 er kr. 2.800.000.-, sbr. 8. tölulið undirlið 16. Framlag til félagsins fellur undir ýmis framlög (08-399-1.90). Undir sama lið eru talin t.d. astma- og ofnæmisfélagið, MS-félagið, HIV-félagið, LAUF, Ljósið, Samtök psoriasis- og exemssjúklinga o.s.frv. Þá kemur einnig fram að heilbrigðisráðuneytið veiti Gigtlækningastöð félagsins framlag að fjárhæð kr. 8.200.000.- samkvæmt lið 1.60 undir 08-340 (málefni fatlaðra). Undir sama lið falla endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands, Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungna-sjúklinga í Reykjavík og á Akureyri, Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra o.s.frv.

Gigtarfélag Íslands hefur samkvæmt upplýsingum á heimasíðu þess, [://www.gigt.is](http://www.gigt.is), m.a. þann tilgang að vinna að auknum lífsgæðum fólks með gigtarsjúkdóma og þeirra sem eiga á hættu að fá þá, ásamt því að berjast gegn gigtarsjúkdómum með því að stuðla að almennri umræðu, efla meðferð og endurhæfingu, efla forvarnir og gæta hagsmuna gigtarfólks. Þá reki Gigtarfélag Íslands miðstöð, þar sem finna má viðhaldsendurhæfingu, sjúkra- og iðjuþjálfun, fræðslu og ráðgjöf fyrir gigtarfólk og aðstandendur, hópleikfimi og fleira. Um er að ræða göngudeild sem opin er frá kl. 8.00 til 17.00 alla virka daga, þangað sem fólk kemur sérstaklega til hvernar meðferðar. Hins vegar er hvorki um að ræða stofnun til meðferðar eða umönnunar né heldur dvalar- og vistheimili eða sambýli fyrir fatlaða eða stofnun í hliðstæðri

starfsemi. Þá fellur starfsemi félagsins heldur ekki undir aðra félagastarfsemi sem tilgreind er í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Gigtarfélag Íslands telst því ekki vera mannúðar- eða líknarstofnun í skilningi ákvæðisins.

Ekki er hægt að fallast á kröfu kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts á grundvelli eldri framkvæmdar. Rétt sé að embætti Tollstjóra hafi áður fallist á endurgreiðslu virðisaukaskatts, á árunum 2002-2004. Á þeim tíma var í gildi reglugerð nr. 797/2000 um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum, sem felld var brott með reglugerð nr. 630/2008, sem tók gildi þann 1. júlí 2008. Kveðið var á um undanþágu frá aðflutningsgjöldum fyrir gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi í 5. gr. reglugerðar nr. 797/2000. Samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar tók undanþága aðflutningsgjalda m.a. til gjafa sem gefnar voru endurhæfingar- og heilsugæslustöðvum. Eins og fram hefur komið eru slíkar stöðvar hins vegar ekki taldar upp í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Ekki sé því grundvöllur til að byggja á fyrri fordæmum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af gjöfum til Gigtarfélags Íslands, þar sem ákvæði reglugerðar nr. 797/2000 séu fallin úr gildi.

Að auki beri að hafa til hliðsjónar samkeppnissjónarmið og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, en í 1. mgr. 11. gr. laganna komi fram að stjórnvöld skuli við úrlausn mála gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Þá komi fram í 18. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 að Samkeppniseftirlitið skuli vekja athygli efnahags- og viðskiptaráðherra á áliti sínu, telji það að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laganna. Af 1. og 18. gr. samkeppnislaga megi leiða þá skyldu stjórnvalda að haga framkvæmd þannig að ekki verði af því óákjósanleg áhrif á samkeppnismarkað. Tilgangur fyrrgreindrar heimildar til endurgreiðslu virðisaukaskatts sé að styrkja þá aðila og stofnanir sem hafi með höndum mannúðar- og líknarstarf í þeim starfa sínum. Hins vegar sé ekki rúm til þess að veita aðila, sem ekki uppfylli skilyrði 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 endurgreiðslu fram yfir aðra, sambærilega aðila. Aðrir aðilar, sem bjóða upp á sambærilega þjónustu, svo sem sjúkrabjálfunar- og endurhæfingarstöðvar, uppfylli t.d. ekki skilyrði um endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. fyrrgreindum ákvæðum. Skoðun á skráningu gjafþega í fyrirtækjaskrá leiddi í ljós að Gigtarfélagið hafi ekki virðisaukaskattsnúmer og þar með ekki möguleika til að sækja virðisaukaskatt til baka í gegnum inn- og útskatt. Skoðun á skráningu sambærilegra aðila, þ.e.a.s. ýmissa sjúkrabjálfunar- og endurhæfingarstöðva, leiddi hins vegar einnig í ljós að aðilar í sambærilegum rekstri hafa ekki vsk-númer. Til að gæta jafnræðis sé ekki heimilt að fallast á kröfu kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts af gjöfum til Gigtarfélags Íslands.

Með vísan til alls ofangreinds teljast skilyrði fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt 6. mgr. 42. gr. virðisaukaskattslaga, sbr. nú b-liður 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008, ekki uppfyllt.“

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið úrskurðaði Tollstjóri skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005, að ákvörðun um höfnun á endurgreiðslu virðisaukaskatts, dags 2. nóvember 2009, væri staðfest.

Eins og áður segir kærði A. f.h. B. ofangreindan úrskurð. Í kæru hans segir m.a. að það sé álit B. að Gigtarfélag Íslands sé mannúðar og/eða líknarstofnun. Einnig að sú starfsemi félagsins sem gjafirnar voru gefnar tilheyri undir starfsemi þá sem kveðið er á um í reglugerð nr. 630/2008 og falli því undir skilyrði fyrir endurgreiðslu (tollfríðinda), þ.e. flokkist sem sjúkrastofnun, meðferðarstofnun eða sé hliðstæð þeirri starfsemi sem í reglugerðinni eru talin upp. Helstu rök fyrir þessu áliti klúbbsin hafi verið rakin í kæru hans til Tollstjóra hinn 15. desember 2009, en í ljósi hins kærða úrskurðar vilji hann bæta eftirfarandi við. Síðan segir svo orðrétt í kærinni:

„Gigtarfélag Íslands var stofnað 9. október 1976 til þess að vinna að hagsmunamálum gigtarfólks á Íslandi og sjálfsögðum mannréttindum. Þá hafi verið hér algert úrræðaleysi í meðferð sjúkdómanna, ekki tæki til í landinu til greiningar og viðhaldsmeðferð engin. Félagið hafi beitt sér fyrir kaupum á tækjum og gefið Landspítala. Sökum skilningsleysis opinberra yfirvalda (eða úrræðaleysis) á gildi nauðsynlegrar viðhaldsþjálfunar fyrir gigtarfólk stofnaði félagið Gigtlækningastöðina að Ármúla 5 árið 1984. Stöðin starfar enn í grundvallaratriðum á sama grunni, þó starfsemi félagsins hafi aukist verulega. Aðrir veita ekki gigtarfólki sambærilega viðhaldsmeðferð við gigtarsjúkdómum.

Um iðjuþjálfun þarf ekki að fjölyrða, aðrir bjóði ekki sambærilega þjónustu á göngudeildargrunni og þeir iðjuþjálfar sem innan heilsugæslu starfa, vinni öðruvísi og gætu ekki með nokkru móti annað því fólki sem á Gigtlækningastöðina koma, hvað þá að þeir hafi þá sérþekkingu sem þar hafi hlaðist upp vegna þarfa gigtisjúkra. Gigtarfélag Íslands rekur iðjuþjálfun sökum þess að það eru mannréttindi gigtarfólks að eiga aðgengi að nauðsynlegri þjónustu (meðferð) sem virkar og hjálpar því til sjálfshjálpar.

Sjúkraþjálfun sé vissulega orðin aðgengileg í landinu og á mörgum stöðum veitt fyrirmyndarþjónusta (meðferð). Ástæða þess að Gigtarfélag Íslands leggi enn áherslu á sjúkraþjálfun í starfsemi sinni sé sú að veruleg breyting hafi orðið á læknisfræðilegri endurhæfingu hér á landi á síðustu árum. Framboð af endurhæfingu á legudeildum hafi verulega dregist saman. Sjúkrahús útskrifi fólk mun fyrr án þess að hugsað hafi verið fyrir lausnum fyrir fólkið. Endurhæfingu verði að sækja á göngudeildargrunni utan stofnana. Þungt höldnum gigtarsjúklingum hafi í kjölfarið verið vísað í auknum mæli til Gigtarfélagsins. Fólk sem sé undirlagt af gigtarsjúkdómum þurfi meiri þjónustu og tíma en þeir sem við skammtíma vandamál eiga að stríða, t.d. vanda í einum lið vegna íþróttameiðsla eða annars. Í sjúkraþjálfun Gigtarfélagsins fái fólk tíma og þá þjónustu sem það þarf. Auk þess sé hagræði fyrir fólkið að iðjuþjálfun sé einnig á staðnum. Það megi rökstyðja að færri sjúklingar fara í gegnum meðferð sjúkraþjálfara Gigtarfélagsins en annars staðar pr. tímaeiningu eða tímabil.

Í ljósi þessa séu athugasemdir í hinum kærða úrskurði um samkeppni áhugaverðar. Er hægt að fullyrða að Gigtarfélag Íslands sé í samkeppni við einkareknar endurhæfingarstöðvar? Til þess sé þjónustan alltof ólík auk þess sem stöðvarnar ákveða ekki sjálfar verð fyrir þjónustuna heldur Sjúkratryggingar Íslands.

Sjúkratryggingar Íslands leggja að jöfnu skammtímavandamál í einum lið og stoðkerfi gigtarsjúklings sem allt er undirlagt, eins og að ofan er getið.

Í úrskurði þeim sem hér er skotið til ríkistollanefndar er komist að þeirri athyglisverðu niðurstöðu að fólk komi til meðferðar á Gigtlækningastöð félagsins, en „Hins vegar er hvorki um að ræða stofnun til meðferðar eða umönnunar né heldur dvalar-vistheimili eða sambýli fyrir fatlaða eða stofnun í hliðstæðri starfsemi“. (bls. 3) Hvað á sér þá stað á Gigtlækningastöð félagsins?

Í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 er kveðið nánar á um skilyrði endurgreiðslu (tollfríðinda) eins og komi fram í rökstuðningi fyrir úrskurðinum á bls. 2 „Þar segir að tæki, búnaður og aðrar fjárfestingarvörur sem gefnar séu til nota í starfsemi sjúkra-umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi.“

B. hafnar úrskurði Tollstjóra um höfnun endurgreiðslu virðisaukaskatt. Við erum þeirrar skoðunar að starfsemi Gigtlækningastöðvar Gigtarfélagsins sé eðlilegt að flokka allt í senn sem *sjúkrastofnun, endurhæfingarstofnun og/eða starfsemi stofnana í hliðstæðri starfsemi*.

Síðustu áratugi hafi það verið trú færustu sérfræðinga á sviði gigtarsjúkdómafræði að fræðsla og sjáfsefling sjúklinga samhliða lyfjameðferð og viðhaldspjálfun skili betri árangri en án. Gigtarfélagið hafi lagt áherslu síðasta áratuginn að auka fræðslu og ráðgjöf í þessu samhengi. Félagið hafi í raun tvöfaldað starfsemi sína án þess að aukning hafi orðið marktæk í framlagi hins opinbera til þess starfs. Þá skapi félagið vettvang fyrir jafningjafræðslu, ráðgjöf og félagsskap öllu gigtarfólki að kostnaðarlausu.

Á Íslandi er félagafrelsi, félögin sjálf og fótgönguliðar 3 geirans eru í nánú sambandi við umbjóðendur sína og þekkja þarfir þeirra. Því hafa þeir góða sýn á hvað skiptir máli svo fólkið geti lifað með reisn. Starfsemi Gigtarfélags Íslands grundvallast á því að hjálpa fólki til sjálfshjálpar og auka þannig lífsgæði þess. Kærandi spyr hvort hægt sé að vinna skýrar að mannúðarmálum.

Kærandi vekur athygli á að enginn starfsmaður Gigtarfélagsins sitji í stjórn félagsins. Engin fjárhagsleg tengsl séu á milli stjórnar annars vegar og starfsmanna eða viðskiptavina hins vegar. Stjórn þiggur ekki laun fyrir stjórnarstörf, hvorki formaður né aðrir og ef ágóði sé af starfseminni þá renni hann til starfseminnar.

Að lokum vill kærandi vekja athygli á nýlega birtri skýrslu sem nefnd á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins vann 2010 og velferðarráðuneyti birti á vef ráðuneytisins 11. febrúar s.l., Skýrslan heitir *Mat á mikilvægi heildarlöggjafar um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana*. Við lestur skýrslunnar kemur glögglega fram að félögum innan hins svokallaða 3. geira er í mörgu mismunandi, s.s. varðandi almennt starfsumhverfi, starf í þágu mismunandi

fötlunarhópa og áfram má telja. Gigtarfélag Íslands miðar starfsemi sína við þarfir annars stærsta fötlunarhópsins í landinu. Örorku hér á landi má rekja í ríflega fimmtungi tilfella til gigtarsjúkdóma.“

Kæran var send Tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 21. febrúar 2011. Í svari hans sem barst nefndinni þann 25. febrúar s.l. er vísað til málavaxtalýsingar í hinum kærða úrskurði en síðan segir svo orðrétt:

“Samkvæmt 6. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 skal endurgreiða virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi. Endurgreiðsluheimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin sömu skilyrðum og gilda um gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi og koma fram í b-lið 8. tl. 1. mgr. 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987, nú b-liður 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Kveðið er á um nánari skilyrði endurgreiðslu í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Þar segir að tæki, búnaður og aðrar fjárfestingarvörur sem gefnar séu til nota í starfsemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi, slysavarnafélaga, björgunarsveita, Rauða krossins og aðila sem hafa með höndum sambærilega starfsemi, séu undanþegnar aðflutningsgjöldum.

Af ofangreindu leiðir að skilyrði endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 6. mgr. 42. gr. virðisaukaskattslaga er að þiggjandi gjafarinnar sé *mannúðar- eða líknarstofnun* í skilningi 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008.

Samkvæmt 1. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, skal greiða virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu. Hér er um að ræða undanþáguákvæði sem skýra ber þröngt samkvæmt viðurkenndum lögskýringarreglum.

Gigtarfélag Íslands hefur þann yfirlýsta tilgang að vinna að auknum lífsgæðum fólks með gigtarsjúkdóma og þeirra sem eiga á hættu að fá þá ásamt því að berjast gegn gigtarsjúkdómum með því að stuðla að almennri umræðu, efla meðferð og endurhæfingu, efla forvarnir og gæta hagsmuna gigtarfólks. Félagið rekur miðstöð þar sem veitt er þjónusta á borð við viðhaldsendurhæfingu, sjúkra- og iðjuþjálfun, fræðslu og ráðgjöf fyrir gigtarfólk og aðstandendur, hópleikfimi og fleira. Um er að ræða göngudeild sem opin er frá kl. 8.00 til 17.00 alla virka daga, þangað sem fólk kemur sérstaklega til hvernar meðferðar. Hins vegar er hvorki um að ræða stofnun til meðferðar eða umönnunar né heldur dvalar- og vistheimili eða sambýli fyrir fatlaða eða stofnun í hliðstæðri starfsemi. Þá fellur starfsemi félagsins ekki undir aðra félagastarfsemi sem tilgreind er í 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Gigtarfélag Íslands getur því ekki talist til mannúðar- eða líknarstofnunar í skilningi ákvæðisins. Tollstjóri

hefur ekki svigrúm til að veita undanþágu hér að lútandi til aðila sem uppfyllir ekki ótvírætt skilyrði 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Má þess einnig geta að aðrir sem bjóða upp á sambærilega þjónustu, svo sem sjúkraþjálfunar- og endurhæfingarsstöðvar, uppfylla t.d. ekki skilyrði um endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. fyrrgreindum ákvæðum að mati embættisins. Eru því ekki efni til að víkja frá þeirri túlkun í ljósi jafnræðisreglu stjórn-sýslulaga nr. 37/1993. Um túlkun ofangreindra lagaheimilda vísast einnig til úrskurðar ríkistollanefndar í máli nr. 8/2010. Að öðru leyti vísast til hins kærða úrskurðar.

Með vísan til ofangreinds krefst Tollstjóri þess að úrskurður hans í máli nr. 28/2010 verði staðfestur.“

Kærandi var send greinargerð Tollstjóra til umsagnar með bréfi dags. 28. febrúar 2011. Í umsögn segir svo orðrétt:

„Í umsögn Tollstjóra, neðst í kafla II., er vísað til úrskurðar ríkistollanefndar í máli nr. 8/2010. Það mál varðar gjöf til sveitarfélagsins Árborgar vegna Sundlaugar Selfoss, sem er venjulegur sundstaður án nokkurrar sérstakrar meðferðar fyrir gesti og alls ekki sambærilegur við mál okkar. Sjúkra- og iðjuþjálfunardeildir Gigtarfélags Íslands eru hins vegar með sérhæfðar meðferðir fyrir gigtarsjúklinga samkvæmt læknistilvísun.

Gigtarfélag Íslands er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð af gigtarsjúklingum, aðstandendum þeirra og öðru áhugafólki á sama hátt og SÍBS sem rekur endurhæfingarmiðstöð á Reykjalundi, sem klúbburinn hefur oft styrkt með gjöfum sem VSK hefur fengið endurgreiddur af án athugasemda.

Að öðru leyti ítrekum við rök okkar sem koma fram í ofangreindri kæru okkar“

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og aflað gagna. Svo sem að framan hefur verið rakið snýst ágreiningur í málinu um hvort Gigtarfélag Íslands teljist mannúðar- eða líknarstofnun í skilningi 6. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og ákvæði 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Samkvæmt 6. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, skal endurgreiða virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi. Endurgreiðsluheimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin sömu skilyrðum og gilda um gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi og koma fram í b-lið 8. tl. 1. mgr. gr. tollalaga, nr. 55/1987, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 797/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum, nú 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði 6. gr. tollalaga eru gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi tollfrjálsar enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi.

Í reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi, sem gefin er út á grundvelli heimildar í 2. mgr. 6. gr. tollalaga, er kveðið nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt nefndri 6. gr. laganna. Samkvæmt 33. gr. reglugerðarinnar eru tæki, búnaður og aðrar fjárfestingarvörur sem gefnar eru til nota í starfsemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana, dvalar- og vistheimila og sambýla fyrir fatlaða, greiningarstöðva, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi undanþegin aðflutningsgjöldum.

Í 4. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, þar sem er að finna ýmsar skilgreiningar, er hvorki að finna sérstaka skilgreiningu á hugtökunum „sjúkrastofnun“ „umönnunarstofnun“ eða „meðferðarstofnun“. Í 1. tölulið greinarinnar er heilbrigðisþjónusta skilgreind svo: „Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkráhusþjónusta, sjúkraflutningar og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.“ Í 8. tölulið greinarinnar er heilbrigðisstofnun skilgreind á þessa leið: „Stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt.“ Þá er í greininni að finna skilgreiningu á orðinu heilbrigðisstarfsmaður en með því er átt við einstakling sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar. Að auki eru orðin „starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna“ skilgreindar svo: „Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.“

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin aflaði sér bæði frá velferðarráðuneytinu og Landlæknisembættinu liggur fyrir að Gigtarfélag Íslands er skráður rekstraraðili í heilbrigðisþjónustu jafnframt því að félagið leigir heilbrigðisstarfsmönnum aðstöðu í Gigtarmiðstöðinni. Með hliðsjón af framansögðu er, að mati ríkistollanefndar, eðlilegast að líta svo á að sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnanir, dvalar og vistheimili og sambýli fyrir fatlaða, greiningarstöðvar, öldrunarstofnana og stofnana í hliðstæðri starfsemi í skilningi 1. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 séu í raun sömu eða hliðstæðar stofnanir og skilgreindar eru sem heilbrigðisstofnanir í skilningi heilbrigðislaga. Samkvæmt reglugerð nr. 797/2000, sem áður gildi um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum, tók heimildin til gjafa vegna gjafa til líknarstarfsemi til „sjúkráhusa, hæla, elliheimila, endurhæfinga- og heilsugæslustöðva, skóla og heimila fyrir fatlaða“ sbr. 2. töluliður 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Fyrir liggur í málinu að aðflutningsgjöld af tækjum, sem gefin voru Gigtarfélagi Íslands hafi verið felld niður á grundvelli þessa ákvæðis reglugerðarinnar er hún var í gildi. Ríkistollanefnd fær ekki séð við samanburð á framangreindum reglugerðar-ákvæðum að ákvæði áðurnefndrar 1. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 hafi falið í sér þrengri afmörkun á hæfum gjafþegum en gert er í eldri reglugerðinni.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er tilgangur Gigtarfélags Íslands m.a. sá að berjast gegn gigtarsjúkdómum og vinna að auknum lífsgæðum gigtarsjúklinga. Öllum ágóða af starfsemi félagsins mun samkvæmt samþykktum þess jafnframt varið til málefna gigtarsjúklinga. Félagið telst því að mati nefndarinnar líknarfélag í skilningi 42. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Félagið rekur m.a. gigtlækningastöð, þar sem boðið er upp á sjúkra- og iðjuþjálfun fyrir gigtarsjúka auk þjónustu gigtlæknis. Þá fær félagið framlag á fjárlögum ríkisins til þessa þáttar starfsemi sinnar.

Með hliðsjón af framansögðu svo og því að félagið er skráður rekstraraðili í heilbrigðisþjónustu verður að mati nefndarinnar að fallast á það með kæranda að félagið sé líknarfélag, er stundar starfsemi sem er a.m.k. hliðstæð starfsemi sjúkra-, umönnunar- og meðferðarstofnana. Samkvæmt þessu lítur nefndin svo á að Gigtarfélag Íslands og gjöf sú, sem um ræðir í þessu máli, uppfylli skilyrði 33. gr. reglugerðar 630/2008 um ýmis tollfríðindi og því sé gjöfin undanþegin aðflutningsgjöldum. Breytir engu í þessu sambandi þó félagið sé ekki talið stunda virðisaukaskattskylda starfsemi. Hafa ber í huga að almenn heilbrigðisþjónusta er undanþegin virðisaukaskatti, sbr. 1. töluliður 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið er niðurstaða ríkistollanefndar að starfsemi sú sem fram fer í Gigtarmiðstöðinni á vegum Gigtarfélags Íslands uppfylli skilyrði 1. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 630/2008 og því beri Tollstjóra að endurgreiða kæranda virðisaukaskatt skv. 6. mgr. 42. gr. virðisaukaskattslaga. Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð: Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður Tollstjóra nr. 28/2010 felldur úr gildi. Tollstjóri skal endurgreiða kæranda virðisaukaskatt tilgreindum gjöfum skv. 6. mgr. 42. gr. virðisaukaskattslaga.